



Fundargerð 76. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses.
Haldinn miðvikudaginn 29. September 2023, kl. 08:30 í Vogum

Mætt eru: Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson, Árni Sigfússon, Kjartan Már Kjartansson, Arnbjörn Ólafsson, Ægir Karl Ægisson og Jóhann Snorri Sigurbergsson.

Forföll: Berglind Kristinsdóttir og Magnús Stefánsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson (sem ritaði fundargerð) og Þuríður H. Aradóttir Braun

Dagskrá fundarins:

- 1. Breyting á fulltrúa Þekkingarseturs Suðurnesja í stjórn Reykjanes Geopark**
Ægir Karl Ægisson kemur í stað Hönnu Maríu Kristjánsdóttur. Ægir Karl boðinn velkominn til starfa.
- 2. Fræðslufulltrúi Reykjanes Geopark**
Arnbjörn Ólafsson kynnti tillögur að fræðslufulltrúa Reykjanes Geopark og mismunandi útfærslur sem gætu komið til greina. En ljóst er að miðað við stefnumótun Reykjanes Geopark eru fræðslu og kynningarmál fyrirferðarmikil og mikilvægt að efla getu geoparksins að fylgja slíkum verkefnum eftir. Stjórn ályktaði sem svo að verkefnastjóri og Arnbjörn skyldu taka málið áfram og skoða frekari leiðir sem teljast fýsilegar á þessum tímapunkti. Niðurstöður kynntar á næsta stjórnarfundum.
- 3. Fundargerð frá Kenzi Rose Hotel í Marrakesh – Ráðstefna evrópskra jarðvanga á Reykjanesi 2024.**
Farið var yfir stöðu verkefnisins ásamt því að farið var yfir næstu skref. Vinnufundur stjórnar vegna ráðstefnunnar var settur á dagskrá 14. nóvember.
- 4. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða – opið fyrir umsóknir**
Verkefnastjóri kynnti stuttlega þær umsóknir sem eru í vinnslu að þessu sinni og óskaði eftir upplýsingum ef fleiri verkefni eru í vinnslu. Umsóknir sem eru í vinnslu:
Þorbjörn – bílastæði, merkingar, vegprestar og áningarstaðir
Þorbjörn – Hraunstígur, öryggismál
Garðskagi – aðkoma, aðgengi og upplifun
Staðarborg – Bílastæði, gönguleið og merkingar
Hafnarhöfn – útsýnisstaður
- 5. Gestastofa í Kvikunni – staða verkefnis**
Formaður og verkefnastjóri upplýstu stjórn um stöðu verkefnis. Vinna við tvö meginatriði sýningarinnar heldur áfram og beðið frétta um framhaldið.



6. Stefnunótun RGP – aðgerðaráætlun

Vinna við 90 daga aðgerðaráætlun hefst í október og gert ráð fyrir að henni ljúki snemma á næsta ári. Verkefnastjóri vinnur áætlun áfram í samvinnu við stjórn.

7. Alþjóðaráðstefna UNESCO jarðvanga í Marrakesh – uppgjör

Verkefnastjóri tekur að sér að kalla eftir nauðsynlegum gögnum frá British Airways til að kanna möguleika á bótum. Uppgjör vegna kostnaðar sem Reykjanes Geopark lagði út fyrir var kynnt og þátttakendum verður sendur reikningur miðað við uppgjör.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 10:25